

## Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur 2023, fimmtudaginn 30. nóvember

Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd.
10. Önnur málefni ef einhver eru.


Kári Haraldur Sölmundarson formaður GO setur fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Hlöðver Kjartansson yrði fundarstjóri og Svavar Geir Svavarsson fundarritari og var það samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri tók við fundinum og fór yfir og kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði um að löglega hefði verið til hans boðað og fundurinn þar með lögmætur aðalfundur, því næst var gengið til dagskrár og bauð fundarstjóri Kára Sölmundarson í ræðustól.

### 1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu ári

Kári þakkaði mættum fundargestum en nálægt 40 félagar voru mættir að þessu sinni. Kári talaði um að ársrit félagsins væri aðgengilegt á netinu á heimasíðu fundarins 2023.oddur.is þar sem hægt væri einnig að lesa skýrslur nefnda. Kári fór svo í skýrslu stjórnar og renndi yfir þau málefni sem hæst bára á árinu.

Þakkar félögum GO fyrir nýliðið ár, árið var vissulega viðburðarríkt ár, Urriðavöllur kom verulega illa undan vetri, 13 flatir af 18 hafi verið verulega illa farnar, mikil vinna starfsmanna fór í að endurlífga völlinn og gekk sú vinna hægt en þegar á leið ágústmánuð hafði verið unnið mikið og gott starf og þá tókum við á móti keppendum á einu glæsilegast Íslandsmóti seinni ára á Urriðavelli. Vildi Kári færa Tryggva og hans starfsmönnum sérstakar þakkir fyrir þeirra frábæra starf við að koma vellinum í það ástand sem enginn bjóst við í upphafi sumars. Öll umgjörð okkar starfsfólk og sjálfboðaliðastörf voru til fyrirmynadar. Í gamni sagði Kári að Íslandsmótið hafi verið sú auglýsing sem við þurftum ekki, um 700 manns á biðlista og þarf af bættust um 150 við listann strax að loknu Íslandsmóti. Líklegt að einungis umsóknir frá 2021 verði kláraðar fyrir komandi tímabil í besta falli.

Kári óskaði Laufey Sigurðardóttur til hamingju með tilnefningu GSÍ sem sjálfboðaliða ársins. Skipulagsvinnu við stækkan lokið og nefnd að skila af sér hagkvæmnisáætlun sem við vonum að verði jákvæð og ýti undir ákvörðun landeiganda um stækkan vallarins. Ákvörðun um



framhaldið er í höndum Styrktar og líknasjóðs en líklega mun það taka einhvern tíma að klára þau mál.

Stjórn samhent á árinu, þakkar stjórnarmönnum fyrir samvinnu á árinu, Auðunn Örn Gylfason fer úr stjórn og þakkar Kári honum fyrir samstarfið sérstaklega.

Barna og unglungastarf klúbbsins verið í frábærum vexti á árinu undir handleiðslu Hrafnhildar Guðjónsdóttur en staðan sú að við sjáum okkur ekki getað stækkað það starf frekar í núverandi aðstæðum og verður það verkefni næstu stjórnar að finna lausnir í þeim málum.

Öðrum nefndum þakkað fyrir þeirra starf. Metþáttaka var í meistaramóti klúbbsins í ár en hægt að lesa frekar um störf nefnda á slóðinni 2023. Oddur.is

Félagsmenn léku færri hringi á vellinum ár sem rekja má eðlilega til þess að völlurinn opnaði seint og við stýrðum bókunarálagi framan af sumri.

Kári rakti þann kostnað sem féll óvænt á klúbbinn á árinu og einnig hvað endurbætur og uppbygging kostaði. Beinn kostnaður við að koma vellinum í gang eftir erfiðan vetur var um 15. milljónir og þakkaði Kári góðum rekstri undanfarin ár fyrir að við vorum í stakk búinir að mæta svona áfalli. Sláttur þjarkar - róbótar munu verða meira sýnilegir en áður í rekstri vallarins, á síðasta ári var fjárfest fyrir um 55 milljónir í nýjum tækjum, tvær flatarsláttarvélar á um 12,5 milljón og ljóst að 20 milljón króna þörf er á hverju ári hvað varðar endurnýjum tækja og því ber að tryggja það í fjárhagsáætlun, kostnaður við endurbætur golfskála um 30 milljónir á síðustu árum og hefur sá kostnaður fallið á klúbbinn.

Munum ekki hýsa GSÍ móti á komandi ári, 7 árið í röð hagnaður af rekstri klúbbsins.

Kári ítrekaði svo þakklæti sitt til stjórnarmanna og starfsfólks fyrir liðið ár.

## 2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins lagðir fram

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri fór yfir reikninga GO, fór þar yfir helstu liði í tekjum og gjöldum. Rekstrartekjur 310 milljónir og rekstrargjöld 305 milljónir, rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði því um 5,5, milljón en hagnaður 1.1 milljón með afskrftum og fjármagnsliðum. Árið óvenjulegt, flatir daprar og mikill kostnaður fylgdi því að koma vellinum í gott stand. Seinkun hafði áhrif á tekjur, bæði styrra tímabil.

Þorvaldur fór í gegnum rekstrartekjur þar sem var nokkur hækkan á tekjum í gegnum félagsgjöld bæði í fulla aðild og Ljúflingsaðild, vallartekjur allar upp nema á Urriðavöll sem rtekja má til seinkunar á opnum og vegna takmarkana stjórnar á bókunum.

Þorvaldur rakti kostnað og tekjur af Íslandsmóti sem kom út í hagnaði upp á um 2 milljónir, þann hagnað má rekja til Pro Am móts sem halddið var á undan mótinu.

Við gerðum ráð fyrir meiri hagnaði í ár en mikill kostnaður

Styrkir og fjárlöfun, samningar hafa hækkað

Styrkir Garðabæjar, óbreytt í þrjú ár 8.000.000, samningur runninn út og vonumst eftir auknu framlagi.

Barna og unglungastarf og vörusala hefur aukist milli ára.

Rekstrargjöld 55 meiri en á fyrra ári.

Laun upp um 30 milljónir, samningsbundnar launahækkanir (afturvirkar), bættum við



starfsgildi íþróttastjóra, yfirvinna meiri vegna ástands vallar, fleiri starfsmenn frá Garðabæ þar sem við greiðum hluta launa.

Íþróttastarf í línu við fyrri ár og það sem lagt var upp með,

Rekstur Urriðavallar, upp um rúmar 12 milljónir, tengt leigu (verðtrygging leigu), jarðefni, mold, sandur og akstur upp um 6 milljónir, bein afleiðing af vorinu og því að koma velli í stand. Áburður og fræ upp um 2 milljónir, vonum að svona tölur séu undantekning í ár.

Rekstur bygginga, endurbætur á skála, báraplast á þaki, 2,5 milljónir, endurnýjun á skrifstofu og lýsingu á vesturhluta húss, gert í veturnar þegar enginn átti von á svona erfiðu vori. Rafmagn upp um 1,3 milljónir má rekja til borholu og mikillar vökvunar sem almennt þarf ekki.

Rekstur véla og tækja aðeins upp, nýr bifvélavirki, endurnýjun á tækjum og tólum nokkur á verkstæði. Rekstur skrifstofu og Nýtt innheimtukerfi, GLFR samningur

Efnahagsreikningur – stækkað á milli ára, fasta fjármunir (vélakaup), tvær grínvélar upp á 24 milljónir, 8 golfbílar, 4 seldir, tveir færðust til vallarstjóra, vel sett með bíla eins og staðan er núna. 37 milljónir í tækjakaup í heild, hefur þróast í þessa átt að við séum að eignast meira og meira.

Veltufjármunir, 13 milljónir, skýrist af greiðslu styrks frá Garðabæ,  
Birgðir í búð, vallarvörubirgðir, boltar og mottur,

Handbært fé upp á 1,9 milljónir, yfirdráttur 18 milljónir, veður líklega nýtt þangað til tekjur fara að berast í lok árs og í upphafi þess nýja. Yfirdráttur tengist fjárfestingum á árinu, tækjakaup vega þungt í rekstri, en við ákváðum að fara þessa leið því það var betra en aðrir kostir, greiðum þetta vonandi hratt niður á nýju ári.

Sjóðsteymi 8,2 milljónir frá rekstri, fjárhagslega sterkur klúbbur í ágætri stöðu að takast á við framtíðina, fyrir 10 árum 1 milljón í eigið fé. Góð afkoma er mikilvæg og til að tryggja öryggi í rekstri og svigrúm til að bæta völl og tækjakost.

### **3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar**

Hlöðver fundarstjóri tók við af Þorvaldi og opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Enginn tók til máls, umræðum var lokað og ársreikningur borinn upp og samþykktur.


### **4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.**

Hlöðver fór yfir að engar tillögur skv. 19 gr. liggi fyrir fundinum og því fellur þessi liður niður.

### **5. Afgreiðsla tillagna um lagabreytingar**

Hlöðver fór einnig yfir að engar lagabreytingatillögur liggja fyrir fundinum og því fellur þessi liður niður.

### **6. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt og árgjöld ákveðin**



Jón Sigurður Garðarsson, gjaldkeri GO tók að sér að kynna fjárhagsáætlun næsta árs. Raunir gjaldkera að fara yfir stöðu mála eins og hann orðaði það, fórum bjartsýn inn í síðasta ár og erfitt að sjá fyrir það sem kom svo með vorinu. Í ár er einnig erfitt að sjá framtíðina fyrir okkur. Stjórnin leggur til hækkan á félagsgjöldum úr 155.000 í 170. 000 á fulla aðild 26 – 66 ára, sjá hér fyrir neðan gjöld 2024 eins og þau voru sýnd á aðalfundi.

Ef árið verður gott má gera ráð fyrir 20.000 milljón króna hagnaði, gerðum ráð fyrir 15,000,000 á síðasta ári en raunin varð 1.100.000, mikil óvissa og við kjósum að hafa vaðið fyrir neðan okkur.

Gerum ekki ráð fyrir fjölgun í klúbbnum.  
Árgjöld 2023 eru lögð fram svona af stjórn.

#### Full félagsaðild

##### Félagsgjöld GO – Full félagsaðild 2024 \* \*\*

	Gjald
Félagsmenn 26-66 ára	170.000
Félagsmenn 67-84	147.000
Félagsmenn 85 ára og eldri	51.000
Félagsmenn 18-25 ára	90.000
Félagsmenn 13-17 ára	55.000
Félagsmenn 12 ára og yngri	35.000

##### Systkinaafsláttur, 17 ára og yngri:

Hvert barn umfram það fyrsta sem greiðir árgjald, greiðir 15,000 kr.	15.000
--	--------

##### Félagsgjöld GO – Ljúflingsaðild 2024\*

	Gjald
Ljúflingur félagsaðild fullorðinn (26-66 ára)*	67.000
Ljúflingur félagsaðild 67 ára og eldri*	54.000

\*\* Flokkar félagsgjalda miðast við fæðingarár

Ljúflingur félagsaðild yngri 18 – 25 ára*	34.000
Ljúflingur félagsaðild barna 6 – 17 ára	21.000

\*Ljúflingsaðild felur einungis í sér heimild til að spila á Ljúflingi.

\*Boltakort á æfingasvæði fylgir aðild að Ljúflungi 18 ára og eldri. (1 x 10 körfukort)



Hlöðver fundarstjóri tók við og sagði orðið laust, enginn tók til máls, óskaði Hlöðver því eftir því að fundurinn afgreiddi tillöguna. Samþykkt samhljóða. Enginn á móti.

## 7. Kosning stjórnar-og varamanna í stjórn

Hlöðver fór því næst í kosningu stjórnar-og varamanna í stjórn og sagði frá því að skv. lögum félagsins skuli tilkynna um framboð tveimur vikum fyrir aðalfund. Kjörnefnd auglýsti eftir framboðum og er skemmt frá því að segja að jafnmörg framboð bárust í þau embætti og í boði eru. Eftirtaldir eru því í kjöri og teljast sjálfkjörnir:

Kári Haraldur Sölmundarson til formanns, réttkjörinn með lófaklappi.

Til stjórnar til tveggja ára: Jón S. Garðarsson og Páll Þorir Pálsson, sjálfkjörnir.

Til varastjórnar í eitt ár: Guðrún Símonardóttir og Ágúst Valgeirsson, sjálfkjörin. Guðrún varamaður númer 1 og Ágúst varamaður nr. 2. Báðir varamenn sitja fundi og eru boðaðir á fund.

*Klappaði salurinn fyrir nýrri stjórn og telst hún því réttkjörin.*

## 8. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara - samþykkt

Gerð er tillaga um óbreytta skipan tveggja skoðunarmanna:

Davíð Einarsson og Ásbjörn Björnsson og til vara Jónas Gestur Jónasson, var tillagan samþykkt

## 9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd

Gerð er tillaga um óbreytta kjörnefnd frá fyrra ári:

Gunnar viðar, Kristjana S. Þorsteinsdóttir og Hilmar Vilhjálmsisson

Tillagan er samþykkt.

## 10. Önnur mál

Hilmar Vilhjálmsisson stóð upp og bað salinn um að gefa vallarstjóra klapp og sjálfboðaliða ársins. Salurinn tók undir og klappaði duglega fyrir þeim.

Næstur til máls tók Ingjaldur Ásvaldsson, vildi óska klúbbnum til hamingju með útkomu ársins og hversu vel klúbbnum er stjórnað. Það stóð til að klára undirritun í dag af hæálfu Guðlaugs Þórs varðandi friðlýsingu á fólkvangi en boðuð voru forföll, hefði verið gaman að klára undirritun en það biður betri tíma. Undirbúningur að þessu á sér langan aðdraganda eða um 17 ár, árið 2014 var stofnuð landnýtingarnefnd sem fundað hefur víða og mikið. Mikið fagnaðarefni að málið sé komið í gegn og vonandi hagkvæmnisnefnd skilar álti. Allt komið í gegn þó undirritun vanti. Þakkar klúbbnum og félagsmönnum fyrir samveruna alla hans tíð hér.

Hlöðver óskaði eftir því að fá að tala, vildi bæta aðeins við góð orð Ingjalds, að hann hefði verið hluti af þessari nefnd síðan 2016.

Hlöðver ræddi aðeins um hvað stöðu mála á stækkun. Deiliskipulag er samþykkt af hálfu Garðabæjar, heimild liggar fyrir varðandi stækkun um 9 holur. Friðlýsingin hjá ráðherra snýr



að friðun á flatarhrauni og því umhverfi og þá samþykkir ráðherra samhliða yfirlýsingum að það megi leggja golfbrautir á svæðinu þó það sé friðlýst sem fólkvangur. Hagkvæmnisnefnd sem skipuð var af golfklúbbunum báðum vinnur að skýrslu og hennar er að vænta í lok árs, sjáum þá kosti og galla stækkunar og vonumst eftir því að hún verði hagkvæm og sýni að verkefnið sé mögulegt. Fjármögnun mun ráðast af útkomu skýrslunnar. Hlöðver sagði að landeigandi líti svo á að það sé til hagsbóta að nýta landið betur þá með stækkun golfvallar. Vonumst til að Styrktar og Líknasjóður komi að fjármögnum á verkefni.

GO er 30 ára og GOF 33 ára, miklir fjármunir hafa verið lagðir til svæðisins í gegnum árin en fengið einnig mikið til baka frá félagsmönnum í gegnum tíðina og við vonum því að landeigandi sjái sér hag í stækkun og að fjármagna stækkun.

Að lokun þakkar Hlöðver fyrir sig og góða fundarsetu og það traust sem honum var fært að fá að stjórna aðalfundi. Vill færa stjórni GO og starfsmönnum fyrir gott samstarf. Tekur heilshugar undir orð Ingjalds að mikilvægt að rekstur GOF og GO sé í góðu standi. Vill endilega hugmyndir um þjóðarvöll hér á vellinum.

Kári Sölmundarson tók til máls undir liðnum önnur mál, áður en hann þakkaði fyrir sína kosningu.

Kári fór yfir svör úr könnun GSÍ varðandi golfvelli.

**Ánægja með vallarsvæði** 90 % en sama tala á höfuðborgarsvæði um 50 %, vill þakka Tryggvi fyrir hans starf.

**Hversu oft spilar þú í viku,** 1- 4 er algengast, færri hér spila 5 x eða oftar í samanburði við aðra klúbba.

**Hversu oft leikur þú 9 eða 18 holur** og könnun sýnir gott jafnvægi og í samanburði við aðra eru færri hér sem spila 9 holur en í öðrum klúbbum.

**Komum illa út úr spurningu um innisvæði og hversu erfitt er að fá hentugan rástíma í þínum golfklúbbi.** Vinnum áfram í því að reyna að bæta það. Stækkun hér mun breyta þessu mjög mikið af hún fer af stað.

**Leikhraði á vellinum,** komum vel út úr þeirri spurningum 79 % 2017 en 85 % 2023, góð bæting þar.

Kári sagði að á fjölmögum stjórnarfundum hafi einu sinni komið til kjörs um málefni á árinu og sneri það að rástínum. Kári fann fyrir góðum áhrifum af þeim móturnum sem við höfum haldið síðustu tvö ár, Íslandsmótið í ár var einstakt og nýtt viðmið sett í utan umhaldi á því móti. Mikið stoltur af velli og þeim sem að verkefni komu. Þakkar góðan fund og fundarmönnum fyrir kjörið, þakkaði fyrir góða mætingu og lofaði að starfa vel með fólkini í klúbbnum.

**Þar með er dagskrá aðalfundar lokið og honum slitið klukkan 21:20.**

Fundurinn var tekinn upp og sendur út, riflega 30 manns fylgdust með fundi á netinu og er hann aðgengilegur á You tube rás Golfklúbbsins Odds.

<https://www.youtube.com/watch?v=ZDXG5kTrk10>

Fundarritari,  
Savar Geir Svavarsson

